

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2013 í máli nr. E-1003/2013:

Skyggni ehf.

(Benedikt Egill Árnason hdl.)

gegn

Landsbankanum hf.

(Ólafur Örn Svansson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 29. nóvember sl., er höfðað 11. mars 2013 af Skyggni ehf., Ármúla 8 í Reykjavík, gegn Landsbankanum hf., Austurstræti 11 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær „að viðurkennt verði með dómi að krafa Páls Kr. Pálssonar, kt. 151053-5489, á hendur stefnda um endurgreiðslu á ofgreiddum greiðslum samkvæmt bílasamningi, upphaflega á milli Páls Kr. Pálssonar og AVANT hf., dags. 3. apríl 2007, hafi verið framseld að fullu til stefnanda, með yfirlýsingu undirritaðri af Páli Kr. Pálssyni, stefnanda og AVANT hf., dags. 6. janúar 2009, og að krafa stefnanda um endurgreiðslu á ofgreiddum greiðslum á grundvelli samningsins sem á rætur að rekja til tímabilsins fyrir 6. janúar 2009 haldist, þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Í öndverðu krafðist stefndi þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 2. október sl.

II.

Atvik máls þessa eru þau að fyrirsvarsmaður stefnanda, Páll Kr. Pálsson, gerði 3. apríl 2007 samning við AVANT hf. sem bar yfirskriftina „Bílasamningur AVANT hf. Kaupleigusamningur – Jafnar greiðslur“. Með samningnum tók hann bifreið á kaupleigu, en þar kemur fram að samningsverð skuli vera 5.138.462 krónur og mánaðarleg leiga nemi 74.848 krónum að meðaltali. Samkvæmt samningnum skyldu vextir miðast við tiltekna myntkörfu, en í framkvæmd virðist hafa verið litið svo á að fyrrgreint leigugjald væri gengistryggt. Ágreiningslaust er að óheimilt hafi

verið að gengistryggja greiðsluskyldu leigutaka samkvæmt samningnum og að af þeim sökum hafi stofnast til endurkröfuréttar vegna þess sem leigutaki ofgreiddi.

Hinn 6. janúar 2009 var undirrituð yfirlýsing af hálfu Páls, stefnanda og AVANT hf. Í yfirlýsingu þessari sagði meðal annars eftirfarandi: „Samkomulag hefur orðið um að Skyggni hf. [...] yfirtaki frá dagsetningu yfirlýsingar þessarar allan rétt og allar skyldur núverandi leigutaka samkvæmt framangreindum bílasamningi en eftirstöðvar þann 6. janúar 2009 eru kr. 8.406.538. Verðandi leigutaki og sjálfskuldarábyrgðaraðilar hafa mótttekið samningsskilmála bílasamnings AVANT hf. og staðfesta með undirritun sinni að hafa kynnt sér og samþykkt ákvæði og skilmála bílasamningsins að öllu leyti. Samningurinn þarf að vera í skilum og umráðaskipti framkvæmd áður en yfirtaka þessi fer fram. Yfirlýsing þessi upphefur ekki greiðsluskyldu núverandi leigutaka vegna gjaldfallina eða áfallinna váttryggingariðgjalda né sekta eða annarra opinberra gjalda af leigutækinu á yfirtökudegi. / Þegar umráðaskipti hafa átt sér stað og yfirlýsing þessi hefur verið samþykkt og undirrituð af AVANT hf. fellur niður allur réttur og allar skyldur núverandi leigutaka varðandi sama samning að undanskildu því sem að framan greinir.“ Fyrrgreindur Páll undirritaði yfirlýsingu þessa sem fyrri leigutaki og sjálfskuldarábyrgðaraðili sem og fyrir hönd stefnanda sem varðandi leigutaka.

Páli var tilkynnt 15. mars 2011 að nauðasamningur hefði verið staðfestur vegna AVANT hf. sem fæli í sér nánar tilgreinda tilhögun á uppgjöri krafna viðskiptavina félagsins vegna ólögmetra bílasamninga. Þar kemur fram að greiðsla til Páls að fjárhæð 1.000.000 króna yrði lögð inn á nánar tiltekinn reikning. Fram kemur í stefnu og fyrirbyggjandi gögnum að Páll hafi mótmælt tilkalli sínu til þessarar endurgreiðslu og að fjárhæðin standi enn óhreyfð á reikningi hans.

Ágreiningslaust er að stefndi hafi á árinu 2011 tekið við öllum réttindum og skyldum AVANT hf. Lögmaður stefnanda og Páls ritaði stefnda bréf 12. september 2012 þar sem fram kom að niðurstaða endurútreikning samkvæmt 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. bráðabirgðaákvæði X í lögnum, væri sú að Páll Kr. Pálsson ætti kröfu að fjárhæð 4.691.196 krónur, en fengi einungis greiddar 1.000.000 króna vegna nauðasamningsins, og ætti stefnandi enga kröfu á hendur kröfuhafa. Var upplýst að ekki yrði unað við þessa niðurstöðu, þar sem stefnandi hefði yfirtekið öll réttindi og skuldbindingar Páls samkvæmt samningnum. Ef lagabreytingin yrði talin eiga við um hann hefði það í för með sér að stefnandi tæki að sér mun hærri skuldbindingu en í raun hafi verið til staðar. Taldi hann þessa niðurstöðu brjóta í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í svarbréfi stefnda 3. október 2012 er staðfest að með endurútreikningi samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að Páll hefði ofgreitt 4.691.196 krónur á sama tíma og stefnandi skuldaði 8.711.806 krónur á grundvelli bílasamningsins. Þá var því hafnað að þessi niðurstaða færi í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar og tilgreindan samningsviðauka mannréttindasáttmálans.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja dómkröfu sína á því að 7. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, verði ekki beitt gagnvart honum, þar sem ákvæðið brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar og lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, sbr. samningsviðauka nr. 1 við samning um verndum mannréttinda og mannfrelsis.

Stefnandi tekur fram að lög nr. 151/2010 hafi tekið gildi eftir yfirtöku bílasamningsins, en virðist engu að síður eiga að taka til bílasamningsins. Enn fremur sé með lögnum mælt fyrir um hvernig kröfuhafi skuli gera upp við fyrri skuldara annars vegar og seinni skuldara hins vegar (sem hafi yfirtekið skuldbindingar fyrri skuldarans). Því séu lögin, a.m.k. að því er varðar 7. mgr. 18. gr. laganna, afturvirk, sbr. bráðabirgðaákvæði X í lögnum.

Þá tekur stefnandi fram að hann hafi tekið yfir öll réttindi og skyldur Páls Kr. Pálssonar samkvæmt bílasamningnum 6. janúar 2009. Heldur stefnandi því fram að ef lög nr. 151/2010 hefðu ekki verið lögleidd hefðu almennar reglur átt að gilda. Hefði það þýtt að við skuldskeytinguna hefði stefnandi yfirtekið öll réttindi og allar skuldbindingar Páls Kr. Pálssonar samkvæmt bílasamningnum. Stefnandi hefði því notið lækkunar á höfuðstól þar sem bílasamningurinn hafi verið með ólögmdæta gengistryggingu.

Stefnandi heldur því fram að með almennum lögum sé ekki unnt, með svo íþyngjandi hætti sem á reyni hér, að hrófla með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem hafi gilt þegar til þeirra hafi verið stofnað og af þeim greitt, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi áréttar sérstaklega í þessu sambandi að hann hafi tekið við öllum réttindum og skuldbindingum Páls Kr. Pálssonar samkvæmt bílasamningnum, en ekki einungis skuldbindingum hans.

Stefnandi heldur því jafnframt fram að jafnvel þótt talið yrði að stefnda sé heimilt að bera fyrir sig 7. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, þá megi af 9. mgr. 18. gr. laganna, að teknu tilliti til bráðabirgðaákvæðis X, ráða að skuldurum sé heimilt að semja um það innbyrðis hvernig fari um uppgjörsfjárhæð. Þar komi fram að ágreiningur rísi innbyrðis á milli skuldara skv. 7. mgr. 18. gr. laganna skuli kröfuhafi greiða uppgjörsfjárhæð inn á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1978 með þeim skilmálum að deiluaðilar sanni rétt sinn til greiðslunnar með gildu samkomulagi eða að fullnaðardómur hafi gengið um ágreining þeirra. Af þessu megi ráða að löggjafinn hafi veitt möguleika á að skuldarar nái samkomulagi um hvaða skuldari eigi rétt á greiðslu. Beri lagaákvæðið merki þess að með því hafi átt að tryggja sanngirni og að skuldarar geti sammælst sín á milli um það hver eigi rétt til greiðslunnar.

Stefnandi tekur fram að í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/2010 segi um 9. mgr. 18. gr. laganna að mikilvægt sé að uppgjörsgreiðsla verði innt af hendi til þess aðila sem raunverulega hafi orðið fyrir tjóni og að komið verði í veg fyrir frekari þrætur, eftir að greiðsla hefur verið innt af hendi, eða deilur um það hvert fjármálafyrirtæki eigi að ráðstafa greiðslunum. Í tilviki stefnanda og Páls Kr. Pálssonar ríki samkomulag um að stefnandi eigi rétt á allri greiðslunni

(endurútreikningnum) en ekki Páll Kr. Pálsson. Því beri að taka tillit til þessa samkomulags.

Í stefnu reisti stefnandi kröfu sína enn fremur á því að víkja bæri bílasamningnum til hliðar að hluta á þeim grundvelli að það væri ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Við aðalmeðferð málsins féll stefnandi frá þessari málsástæðu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, einkum til sjónarmiða um framsal, efndir og lok kröfuréttinda. Þá vísar hann til ákvæða laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, einkum II., VI. og VII. kafla þeirra. Enn fremur styðjist krafa um málskostnað við XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er því mótmælt að ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 fari í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og fyrsta sammingsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 mæli fyrir um endurgreiðslu til þess aðila sem hafi raunverulega orðið fyrir tjóni með því að ofgreiða sammingsbundnar greiðslur á grundvelli ólögsmætrar gengistryggingar. Um þetta vísar stefndi til greinargerðar með ákvæðinu í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/2010, en nánari grein verður gerð fyrir athugasemdunum í kafla IV.

Stefndi tekur undir framangreind sjónarmið í greinargerðinni. Bendir hann á að þegar stefnandi hafi yfirtekið samninginn, sem málið fjalli um, hafi væntanlega verið gert ráð fyrir því að jafn verðmæt eign kæmi á móti skuld eins og hún hafi staðið á þeim tíma sem yfirtakan hafi átt sér stað. Því sé með öllu óeðlilegt að stefnandi fái notið endurgreiðslu sem sé til komin vegna ofgreiðslu fyrri skuldara sem hafi orðið fyrir tjóni vegna ólögsmætrar gengistryggingar. Að öðrum kosti fengi stefnandi bæði notið endurgreiðslunnar og lægra kaupverðs við yfirtöku kröfunnar eins og fram komi í greinargerð með 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi hafnar því að stefnandi hefði samkvæmt almennum reglum átt rétt á endurgreiðslunni en ekki Páll Kr. Pálsson. Hvað sem líður ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 telur stefnandi ljóst að Páll hefði alltaf verið réttur aðili til að gera tilkall til endurgreiðslunnar en ekki stefnandi. Því skipti greinin í raun engu máli um réttarstöðuna, enda mæli ákvæðið fyrir um sambærilega reglu og leiddi af gildandi rétti, þ.e. af almennum reglum kröfu- og skaðabótaréttar.

Í þessu sambandi vísar stefndi í fyrsta lagi til framangreindra röksemda að baki 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Í öðru lagi telur stefndi að líta beri til þess að krafa vegna ofgreiðslu, sem er til komin vegna ólögsmætrar gengistryggingar, sé þess eðlis að hana sé hægt að setja fram annaðhvort í formi endurgreiðslukröfu eða skaðabótakröfu. Skaðabótakröfur sem þessar byggja á þeim grundvelli að lánveitandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að bjóða einhliða upp á ólögsmæta skilmála í samningi og krefja skuldara með ólögsmætum hætti um of háar greiðslur. Telur stefndi ljóst að ekki komi til greina að líta á framsalshafa slíks

samnings sem tjónþola. Tjónþolinn sé án efa framseljandinn og tjón hans sé til komið vegna þeirra ofgreiðslna sem hann hafi innt af hendi á þeim tíma sem hann hafi verið skuldari að samningnum. Framsalshafinn hafi hins vegar ekki orðið fyrir neinu tjóni þar sem hann meti stöðu sína við framsalið út frá því að krafan sé að fullu gild, að þeirri fjárhæð sem hún standi þá í, án tillits til þess hvort endurgreiðsla kunni síðar að koma til. Þá hafi lánveitandinn ekki heldur sýnt af sér neina saknæma háttsemi gagnvart framsalshafanum sem leitt hafi til tjóns fyrir hann.

Vegna þessa sé m.a. ljóst að réttur aðili að skaðabótamáli á hendur stefnda hafi verið framseljandinn, Páll Kr. Pálsson, en ekki framsalshafinn sem sé stefnandi. Telur stefndi því jafnframt að réttur aðili að því að sækja kröfuna í formi endurgreiðslu hljóti að vera sami aðilinn og ætti skaðabótakröfuna, þ.e.a.s. sá aðili er orðið hafi fyrir tjóninu. Önnur niðurstaða myndi að mati stefnda leiða til þess að kröfuhafar almennt þyrftu að sæta því að fleiri en einn aðili eignuðust í raun sömu kröfuna vegna ofgreiðslu á grundvelli ólögþætrar gengistryggingar. Framsalshafinn eignaðist þá endurgreiðslukröfu en framseljandinn skaðabótakröfu. Slík niðurstaða gangi ekki upp heldur hljóti krafan að liggja hjá einum og sama aðilanum á hvaða grundvelli sem hún kunni að vera reist.

Stefndi vísar enn fremur til þess að liggi endurgreiðslukrafan hjá framsalshafanum leiði það jafnframt til óréttmætrar auðgunar framsalhafa og að sama skapi til samsvarandi tjóns fyrir framseljanda kröfunnar. Engin rök standi til þess að framsalshafinn eigi rétt á því að njóta góðs af endurgreiðslu vegna greiðslna sem framseljandinn ofgreiddi.

Þá telur stefndi að jafnvel þótt litið yrði svo á að 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 hafi breytt réttarástandinu frá því sem gilt hafi samkvæmt almennum reglum leiði það ekki til þess að um brot á eignarrétti sé að ræða, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar geti aldrei staðið í vegi fyrir því að með lögum sé málum skipað þannig að réttindi séu veitt þeim aðila sem augljóst sé að á að lokum rétt á að eignast viðkomandi réttindi. Stefnandi geti aldrei átt efnislegan rétt eða tilkall til endurgreiðslunnar og ekki komi því til greina að líta á hana sem „eign“ hans í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi mótmælir málsástæðu stefnanda sem byggir á 9. gr. 18. gr. laga nr. 38/2001 harðlega. Í ákvæðinu segi að ef ágreiningur um rétt til greiðslu rísi innbyrðis milli skuldara skv. 7. mgr. eða skuldara og þriðja manns skv. 8. mgr. skuli kröfuhafi greiða uppgjörsfjárhæð inn á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1978 með þeim skilmálum að deiluaðilar sanni rétt sinn til greiðslunnar með gildu samkomulagi eða að fullnaðardómur hafi gengið um ágreining þeirra. Af málatilbúnaði stefnanda megi ráða að enginn slíkur ágreiningur sé fyrir hendi heldur virðist vera óumdeilt að milli stefnanda og Páls ríki samkomulag um að stefnandi eigi rétt á greiðslunni. Hins vegar hafi Páli þegar verið greitt á grundvelli 7. mgr. 18. gr. laganna og því geti stefnandi krafist Pál um greiðslu á grundvelli samkomulags þeirra á milli. Af þessum sökum eigi 9. mgr. 18. gr. laganna ekki við í málinu, enda taki ákvæðið ekki til þess þegar ágreiningur rís milli skuldara og kröfuhafa um það hver eigi rétt á greiðslu skv. ákvæðinu. Ákvæðið geti heldur ekki átt við þegar kröfuhafi hafi þegar innt greiðslu af hendi til skuldara skv. 7. mgr. en þriðji maður (stefnandi) telur kröfuhafa hafa greitt ranglega til skuldara. Því beri að hafna þessari málsástæðu stefnanda.

Stefndi vísar til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 18. gr. Einnig sé vísað til og byggt á almennum reglum kröfu- og skaðabótaréttar. Þá styðjist krafa um málskostnað við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Eins og rakið hefur verið fékk Páli Kr. Pálsson endurgreidda 1.000.000 króna á grundvelli endurútreiknings á skuld samkvæmt samningi hans og AVANT hf. frá 3. apríl 2007, en ágreiningslaust er að greiðslur samkvæmt samningnum hafi tekið mið af gengi erlendra gjaldmiðla sem hafi farið í bága við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt útreikningnum mun Páll hafa ofgreitt AVANT hf. 4.691.196 krónur meðan hann var greiðandi samkvæmt samningnum. Á grundvelli nauðasamnings AVANT hf. fékk hann hins vegar einungis fyrrgreinda fjárhæð endurgreidda. Fyrir liggur að Páll, sem er fyrirsvarsmaður stefnanda, vill ekki þiggja þessa endurgreiðslu og telur að stefnandi, sem hafi tekið við öllum skyldum og réttindum leigutaka samkvæmt samningnum með yfirlýsingu 6. janúar 2009, eigi að njóta hennar. Stefndi telur aftur á móti að farið hafi verið að lögum með því að standa með fyrrgreindum hætti að uppgjöri vegna ofgreiðslna fyrri leigutaka. Af þeim sökum hafnar hann því að stefnandi eigi rétt á leiðréttingu vegna ofgreiðslna frá því fyrir 6. janúar 2009.

Með málshöfðun sinni krefst stefnandi viðurkenningar á því að hann hafi með yfirlýsingu 6. janúar 2009 fengið framselda kröfu um endurgreiðslu á ofgreiddum greiðslum samkvæmt umræddum samningi sem inntar voru af hendi fyrir 6. janúar 2009. Lýtur ágreiningur aðila einkum að þýðingu 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010, í því samhengi. Stefndi telur að virða beri ákvæðið að vettugi sökum þess að með fyrrgreindum lögum nr. 151/2010 hafi verið hróflað með afturvirkum og íþyngjandi hætti við rétti hans til endurgreiðslu samkvæmt fyrrgreindri yfirlýsingu þannig að farið hafi í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefndi hafnar þessu, enda lítur hann svo á að 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 breyti engu um að fyrri greiðandi eigi ávallt endurkröfurétt vegna ofgreiðslu sinnar auk þess sem hann telur ákvæðið fullnægja kröfum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Lög nr. 151/2010 voru sett í tilefni af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands um að ólöglegt væri að verðtryggja lán í íslenskum krónum með því að láta þau taka mið af gengi erlendra mynta, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Jafnframt var í lögnum tekið tillit til þeirrar niðurstöðu Hæstaréttar Íslands, sbr. dóm réttarins frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010, að samningsákvæði gengistryggðra lána í íslenskum krónum um svonefnda LIBOR-vexti væru ógild, og að vaxtaskilmálar 4. gr. laga nr. 38/2001 kæmu þeim til fyllingar. Með 1. gr. fyrrgreindra laga nr. 151/2010 var gerð breyting á 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þar er mælt fyrir um hvernig haga beri uppgjöri lánsamninga sem hafa að geyma ógild samningsákvæði um vexti eða endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti. Ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 7. mgr. 1. gr. laga nr. 151/2001, hljóðar svo:

Nú hafa, einu sinni eða oftar, orðið aðila- eða skuldaraskipti að lánessamningi þar sem um er að ræða ólögmeða vexti og/eða verðtryggingu. Skal þá hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins, svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa gengistryggingar. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skulu miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánessamnings. Leiðrétting nær bæði til greiðslna og höfuðstóls á því tímabili samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Greiðsluuppgjör. Reiknaður skal mismunur allra þeirra greiðslna sem skuldari innti af hendi og þess sem hefði átt að greiða miðað við vexti skv. 4. gr. og aðra skilmála lánessamnings.

b. Höfuðstólsleiðrétting. Breytingar á höfuðstól vegna ólögmeðrar verðtryggingar sem reiknaður hefur verið á höfuðstól láns meðan hver aðili var skuldari láns skal koma til sérstaks uppgjörs sem miðast við dagsetningu aðilaskipta að lánessamningi og miðast réttur eða skylda hvers aðila til leiðréttingar við þann dag.

Sé aðili ekki lengur skuldari láns skal mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögmeðrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjörs. Sé aðili enn skuldari skal mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Af athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/2010 má ráða að tilgangur þeirra hafi einkum verið að draga úr óvissu við uppgjör samninga með ólögmeðtum samningsskilmálum um verðtryggingu. Þar kom fram að til grundvallar lagasetningunni lægju þau sanngirnirök að sambærileg mál fengju sambærilega niðurstöðu auk þess sem tryggja átti réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun. Í athugasemdum við það ákvæði er varð að 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 kemur fram að þar sé vikið að álitamálum um uppgjör slíkra lána þar sem skuldaraskipti hefðu orðið. Þar segir að í þeim tilvikum, sem kaupandi eignar hefur yfirtekið skuld með ólögmeðtum skilmálum um verðtryggingu eða vexti, sé ljóst að fyrri skuldari getur hafa orðið fyrir tjóni sökum þess að gert hafi verið ráð fyrir að lán hafi verið hærri fjárhæðar en raun varð á. Tekið er fram að í þessum tilvikum þurfi lánveitandi að gera upp við hvern skuldara, bæði afborgunarþátt og höfuðstólsbreytingar, sem miðist við það tímabil er viðkomandi hafi verið skuldari að viðkomandi láni. Fram kemur að skuldari, sem hafi t.d. yfirtekið lán með ólögmeðri gengistryggingu, geti ekki gert kröfu um endurgreiðslu eða lækkunar á höfuðstól nema hann hafi á sínum eignarhaldstíma ofgreitt afborganir eða höfuðstóll hafi hækkað vegna gengisbreytinga. Aftur á móti væri gert upp við þann sem hefði orðið fyrir tjóni með því að greiðslutilhögun söluverðs hlutar tók mið af rangri lánsfjárhæð. Önnur tilhögun gæti leitt til þess að kaupandi eignar nyti hvorutveggja réttar til endurgreiðslu og í raun lægra kaupverðs. Reglan miði að því að leiðréttingar skili sér á réttan stað í anda sanngirni og heilbrigðra viðskiptahátta. Jafnframt er tekið fram að í ákvæðinu felist þó engin afstaða til mögulegra krafna milli viðkomandi aðila vegna viðskiptanna og að uppgjörreglan hafi engin áhrif á kröfur þeirra í milli.

Málatilbúnaður stefnanda er á því reistur að yfirlýsingin frá 6. janúar 2009 hafi falið í sér framsal á endurkröfurétti fyrri greiðanda vegna ofgreiðslna af hans hálfu. Eins og áður segir hefur stefndi byggt málsvörn sína meðal annars á því að stefnandi geti, þrátt fyrir framangreint, ekki gert tilkall til endurgreiðslu á ofgreiðslum fyrri greiðanda hvað sem líði fyrrgreindu ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Í þessu felast mótmæli við því að endurkröfurétturinn hafi í ljósi almennra reglna kröfuréttar verið framseldur til stefnanda með fyrrgreindri yfirlýsingu.

Samningur um yfirtöku skuldar hefur almennt ekki önnur réttaráhrif en þau sem aðilar sammingsins ætluðu honum. Sé skriflegum samningi til að dreifa um yfirtöku skuldar ber fyrst og fremst að líta til efnisatriða hans um ætlan aðila með yfirtökunni. Í kafla II er gerð grein fyrir efni sammings stefnanda, AVANT hf. og fyrri leigutaka, Páls Kr. Pálssonar, frá 6. janúar 2009. Eins og þar er rakið tók stefnandi með honum yfir „allan rétt og allar skyldur núverandi leigutaka samkvæmt framangreindum bílasamningi“. Þá sagði þar að þegar umráðaskipti hefðu átt sér stað og yfirlýsing verið samþykkt og undirrituð af AVANT hf. félli niður „allur réttur og allar skyldur núverandi leigutaka varðandi sama samning“ að undanskildu því sem þar var gerð nánari grein fyrir. Samkvæmt þessu tók stefnandi yfir rétt fyrri leigutaka til afnota af bifreiðinni og til að fá afsal hennar við lok samningstímans. Enn fremur tók hann yfir þá meginskyldu samkvæmt samningnum að greiða leigugreiðslur í samræmi við ákvæði sammingsins. Á sama tíma féll fyrrgreindur réttur fyrri leigutaka niður sem og skyldur hans samkvæmt samningnum.

Hvorki í samningnum frá 6. janúar 2009 né í bílasamningnum er fjallað um rétt leigutaka til endurgreiðslu afborgana ef í ljós kemur að hann hefur greitt meira en honum er skylt. Endurgreiðslukrafa af þeim toga varð til við ofgreiðslu fyrri leigutaka á grundvelli lögskipta hans og AVANT hf. Þó að þessi lögskipti hafi byggst á fyrrgreindum bílasamningi var endurgreiðslukrafan óháð þeim réttindum og skyldum sammingsaðila samkvæmt samningnum sem færðust yfir til stefnanda með fyrrgreindri yfirlýsingu 6. janúar 2009. Því verður að líta svo á að með þeirri yfirlýsingu hafi engin aðilaskipti orðið á kröfu fyrri leigutaka um endurgreiðslu á því sem hann hafði ofgreitt AVANT hf. Yfirlýsingin veitti því stefnanda ekkert tilkall til endurgreiðslu vegna ofgreiðslna sem áttu sér stað fyrir 6. janúar 2009. Ekki er því fallist á að 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 hafi svipt stefnanda neinum þeim réttindum sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og viðurkenningarkrafa stefnanda lýtur að.

Stefnandi byggir einnig á því að 9. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 styðji að skuldurum sé í tilvikum sem þessum heimilt að semja um það innbyrðis hvernig ráðstafa eigi endurgreiðslu kröfuhafa. Þar segir að risi ágreiningur um rétt til greiðslu milli skuldara samkvæmt 7. mgr. eða skuldara og þriðja manns samkvæmt 8. gr. skuli kröfuhafi greiða uppgjörsfjárhæð inn á geymslureikning með þeim skilmálum að deiluaðilar sanni rétt sinn til greiðslunnar með gildu samkomulagi eða að fullnaðardómur hafi gengið um ágreining þeirra. Þegar fyrri leigutaki fékk fyrrgreinda fjárhæð endurgreidda vegna ofgreiðslu sinnar lá hvorki fyrir að ágreiningur væri milli hans og hins nýja leigutaka um rétt til greiðslunnar né að gilt

samkomulag hefði stofnast milli þeirra um ráðstöfun hennar. Fyrirgreint ákvæði 9. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 hafði því enga þýðingu er uppgjörsfjárhæðin var greidd fyrir leigutaka í samræmi við ákvæði 7. mgr. 18. gr. laganna. Upplýsingar um samkomulag fyrri og síðari leigutaka, um rétt þess síðarnefnda til endurgreiðslunnar, voru stefnda óviðkomandi eftir að endurgreiðslan hafði verið innt af hendi, og virðist fremur tengjast innbyrðis lögskiptum þeirra.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður hvorki séð að krafa fyrir leigutaka á hendur stefnda um endurgreiðslu vegna ofgreiðslna hans hafi verið framseld stefnanda að fullu, líkt hann krefst viðurkenningar á, né að stefnandi eigi kröfu um endurgreiðslu á ofgreiddum greiðslum á grundvelli bílasamningsins sem eigi rætur að rekja til tímabilsins fyrir 6. janúar 2009. Af þeim sökum verður stefndi sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Skyggis ehf.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Ásmundur Helgason (sign.)